

- Sildarstöð og lóðarréttindi Samv.fél. Jarlinn (Þormóðsreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi O. Henriksen (Hinriksreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Sigf. Baldvinssonar (búðarreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi hf. Hafliði (Hafliðareitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi d.b. Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
 Hús og lóðarréttindi Edwins Jakobsen (Hafliði Helgason við Gránugötu).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Siglfirðinga (Kveldúlfsreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Silfurborg hf. (Hjaltalínsreitur).
 Hraðfrystihús Sameignarfélagins Ísafold (Friðleifsreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi sf. Ísafold (Friðleifsreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Reykjanes hf. (Helgareitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 1, 2 og 3, og 4 að hluta). (Álælkarreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Óskarssild hf. Ólagötu 1, 2 og 3 að hluta). Álælkarreitur).
 Sildarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 4).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Þórodds Guðmundssonar (Ólagata 5).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorrágata 7).
 Sildarstöð og lóðarréttindi hf. Njörður (Snorrágata 9).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Síldarsöltun Ísfirðinga (Snorrágata 11 og 13).
 Sildarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar hf., ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.

Enn fremur áskilur Siglufjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt að allri strandlengjunni austan fjarðarins, frá Álhól út að Siglunesskriðum 150 m frá fjörborði til fjalls, miðað við stórstraumslóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um Fiskimálaráð.

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar Fiskimálaráð, og er sjálfur formaður þess.

2. gr.

Eftirtaldir aðilar eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í ráðið til þriggja ára í senn og annan til vara:

- Landsamband íslenskra útvegsmanna.
- Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda.
- Sjómannasamband Íslands.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
Alþýðusamband Íslands.
Félag fiskiðnfræðinga.
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Sjávarafurðadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga.
Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda.
Síldarútvegsnefnd.
Félag íslenskra fiskmjölsframleiðenda.
Félag íslenskra niðursuðuverksmiðja.
Samlag skreiðarframleiðenda.
Seðlabanki Íslands.
Fiskveiðasjóður Íslands.
Fiskimálasjóður.
Efnahagsstofnunin.
Fiskifélag Íslands.

3. gr.

Lögheimili Fiskimálaráðs og varnarþing er í Reykjavík.

Um hlutverk Fiskimálaráðs:

4. gr.

Hlutverk Fiskimálaráðs er:

- a) Að vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í sjávarútvegi.
- b) Að beita sér fyrir og efla samvinnu allra aðila í sjávarútvegi.
- c) Að hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipuleggar aðgerðir til þess að afla nýrra markaða fyrir sjávarafurðir.
- d) Að hafa forgöngu um framleiðslu nýrra vörulegunda úr sjávarafurðum.
- e) Að geta veitt sem viðtækastar upplýsingar fræðslu um íslenskan sjávarútveg á hverjum tíma.

Um starfshætti Fiskimálaráðs:

5. gr.

Fiskimálaráð skal miða ályktanir sínar og aðgerðir við það, sem mest fjölbreytni sé í útgerð og fiskvinnslu innan þeirra marka, sem arðbær hráefnisöflun setur.

6. gr.

Fiskimálaráð skal eftir föngum fylgjast með verkefnum einstakra stofnana í sjávarútvegi og kanna verkaskiptingu þeirra, auk þess sem ráðið skal fylgjast með áhrifum lánastarfssemi banka og hins opinbera á þróun sjávarútvegs á hverjum tíma með það fyrir augum að vekja athygli á nauðsynlegum breytingum, gerist þess þörf.

7. gr.

Fiskimálaráð skal vinna að verkefnum sínum í samvinnu við ransókastofnanir sjávarútvegs, sjávarútvegs- og viðskiptaráðuneyti og aðra þá aðila, sem verkefni ráðsins kunna að snerta hverju sinni.

8. gr.

Fiskimálaráð skal fylgjast mjög vel með markaðshorfum á helztu viðskipta-svæðum og jafnframt hlutast til um, að tækifæri til arðbærrar framleiðslu á nýjum sjávarafurðum verði nýtt.

9. gr.

Fiskimálaráð kemur saman til fundar, þegar formaður ákveður, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

10. gr.

Fiskimálaráð kys þriggja manna framkvæmdanefnd og þrjú menn til vara úr hópi aðalfulltrúa til þriggja ára. Framkvæmdanefnd kys sér formann, ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra, sem ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og starfsliðs, svo og þóknun til framkvæmdanefndar, en störf í sjálfu Fiskimálaráði eru ólaunuð. Framkvæmdastjóri og varamenn í framkvæmdanefnd sitja fundi nefndarinnar og hafa þar mtálfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, nema varamaður mæti í stað aðalmanns. Framkvæmdanefnd skal halda gjörðabók um störf sín.

11. gr.

Framkvæmdanefnd skal annast þau störf, sem Fiskimálaráð felur henni, og hefur ákvörðunarvald í nafni ráðsins á milli fundar þess. Nefndin semur árlega skýrslu til ríkisstjórnar og Alþingis um störf ráðsins og gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun, en hvort tveggja er síðan afgreitt á fyrsta fundi Fiskimálaráðs ár hvert, en ráðið fjallar endanlega um allar ályktanir, sem gerðar eru í nafni þess.

12. gr.

Fiskimálaráði, eða framkvæmdanefnd í nafni þess, skal heimilt að ráða sérfræðinga til þess að leysa tiltekin verkefni, er snerta samræmingu starfshátta í einni eða fleiri greinum sjávarútvegs, og teljast, að minnsta kosti að hluta, utan verkahringis þeirra stofnana, sem þegar vinna að ýmis konar rannsóknnum í sjávarútvegi. Skulu verkefnin meðal annars vera á sviði aðgerðarrannsókna og að þeim unnið í samvinnu við sérfræðinga þeirra stofnana eða hagsmunasamtaka, sem málið snertir hverju sinni. Fiskimálaráði er enn fremur heimilt að ráða sérfræðinga til þess að inna af hendi tilteknar markaðsathuganir og markaðsrannsóknir. Sérfræðingar skulu ekki ráðnir í fast starf hjá Fiskimálaráði, heldur aðeins til þess að inna af hendi tiltekin verkefni hverju sinni, og skal sérstakur ráðningarsamningur gerður fyrir hvert verkefni.

Um fundi Fiskimálaráðs.**13. gr.**

Framkvæmdanefnd skal með hæfilegum fyrirvara senda aðalfulltrúum í Fiskimálaráði þau gögn, sem taka á fyrir á fundi Fiskimálaráðs hverju sinni, en til fundar ráðsins skal boða með tilkynningu til aðalfulltrúa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti. Geti aðalfulltrúi ekki komið til Fiskimálaráðsfundar, skal hann þegar tilkynna varamanni sínum fundarboðið og afhenda honum fundargögn. Heimilt er framkvæmdanefnd að bjóða sem áheyrnarfulltrúum mönnum utan Fiskimálaráðs, svo sem starfsmönnum sjávarútvegs- og viðskiptaráðuneytis og rannsóknastofnana sjávarútvegs.

14. gr.

Sjávarútvegsráðherra stýrir fundum Fiskimálaráðs. Fulltrúar eru skyldir til að hlíta úrskurði hans um allt, sem varðar fundarsköp, en þó má skjóta úrskurðinum til atkvæðagreiðslu á fundi, ef vafi leikur á um skilning á fundarsköpum.

15. gr.

Framkvæmdastjóri situr fundi Fiskimálaráðs.

16. gr.

Sérstök gjörðabók skal haldin yfir fundi Fiskimálaráðs. Þar skulu færðar allar fundarsamþykktir og jafnframt stutt skýrsla um það, sem gerist á fundum. Sérhver fulltrúi getur borið fram tillögur um þau mál, sem til umræðu eru. Tillögur skulu vera skriflegar og afhentar formanni, áður en umræðum um viðkomandi dagskrárlíð lýkur. Formaður skal þó gefa fulltrúum nokkurt ráðrúm til samningar tillagna, ef svo ber undir. Formaður sker úr um, hversu haga skuli atkvæðagreiðslu um framkomnar tillögur

17. gr.

Fundur í Fiskimálaráði er ályktunarbæfur, ef helmingur fulltrúa er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum, en tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að fulltrúar rétta upp hönd. Nafnakall skal viðhafa ef þriðjungur mættra fulltrúa krefst þess, og greiða fulltrúar þá atkvæði eftir stafsrofsróð, nema formaður, sem greiðir síðastur atkvæði. Dragist ræður úr hófi, geta fulltrúar stungið upp á því, að þeim sé hætt, og sker fundur úr því umræðulaust.

18. gr.

Formaður getur brugðið út af fundarsköpum þessum og leyft frjálsgri umræður, ef honum virðist það horfa til skýringar á málum og samræmingar á sjónarmiðum fulltrúa. Hann getur jafnan breytt þeirri ákvörðun, ef honum virðist fundurinn fara of óskipulega fram, og frjálsglegar umræður nái þannig ekki tilgangi sínum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti Grundarfjarðar í Eyrarsveit.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest skipulagsuppdrátt af Grundarfirði í Eyrarsveit.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Eyrarsveitar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.